

Stefnuskjal fyrir stjórnkerfi SORPU í gæða, umhverfis, öryggis, heilbrigðis, mannauðs og jafnlaunamálum – 1.0

Ábyrgðaraðili: HL Framkvæmdastjóri

SORPA er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og hefur það hlutverk að annast meðhöndlun úrgangs í umboði sveitarfélaganna á ábyrgan og hagkvæman hátt, í samræmi við eigendasamþykktir og stefnumótun stjórnar. SORPA stuðlar að endurnýtingu úrgangs og lágmarkun urðunar.

Sambætt stjórnkerfi SORPU nær til gæða-, umhverfis-, öryggis-, heilbrigðis-, mannauðs- og jafnlaunamála. SORPA og stjórnendur byggðasamlagsins skuldbinda sig til að uppfylla lagalegar og aðrar kröfur tengdar stjórnkerfinu, þar með talið kröfur staðla sem byggðasamlagið hefur valið að fá vottun samkvæmt (ISO 9001, ISO 14001, ISO 45001 og ÍST 85).

SORPA og stjórnendur byggðasamlagsins vilja vera í fremstu röð í þessum málaflokkum og tryggja að starfsemin sé í sátt við starfsfólk okkar, samfélagið sem við tilheyrum og umhverfið sem við erum hluti af.

Megintilgangur með sambættu stjórnkerfi SORPU er að:

- Viðskiptavinir fái vörur og þjónustu sem mæta þörfum þeirra og væntingum.
- Stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og að verðmæti sem í þeim felast viðhaldist eins lengi og mögulegt er innan hagkerfisins.
- Vernda umhverfið, þar með talið að varna því að mengun stafi af starfseminni.
- Tryggja öryggi og heilbrigði fólks sem kemur að starfseminni, svo sem starfsfólks, verktaka og viðskiptavina
- Tryggja jafna meðferð einstaklinga sem starfa hjá byggðasamlaginu óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, þjóðernisuppruna, aldri, trú eða öðrum samfélagslegum þáttum.
- Innkaup á vöru og þjónustu styðji við stjórnkerfið með hagkvæmni, gagnsæi, ábyrgð og sanngirni að leiðarljósi.

SORPA og stjórnendur byggðasamlagsins skuldbinda sig til stöðugra umbóta, eftirlits og viðbragða gagnvart þeim málefnum sem falla undir sambætt stjórnkerfi SORPU, til að bæta stöðugt árangur í þeim málaflokkum sem stjórnkerfið nær til.

SORPA og stjórnendur byggðasamlagsins skuldbinda sig til að setja sér mælanleg markmið um þau málefni sem falla undir sambætt stjórnkerfi SORPU.

SORPA og stjórnendur byggðasamlagsins skuldbinda sig til að skapa öruggar og heilbrigðar vinnuaðstæður til að koma í veg fyrir vinnuslys og vinnutengda sjúkdóma.

SORPA og stjórnendur byggðasamlagsins skuldbinda sig til að eyða hættum og lágmarka áhættu fyrir fólk sem kemur að starfseminni, hvort heldur um er að ræða starfsfólk, verktaka, viðskiptavini eða aðra.

SORPA og stjórnendur byggðasamlagsins skuldbinda sig til samráðs við starfsmenn í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum og til að stuðla að þátttöku starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna í þeim málaflokkum.

SORPA og stjórnendur byggðasamlagsins skuldbinda sig til virkra forvarna gegn einelti, áreitni og öðru ofbeldi og faglegra viðbragða ef slíkt kemur upp.

SORPA greiðir starfsfólki sínu jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, óháð kyni eða öðrum samfélagslegum þáttum.

SORPA og stjórnendur byggðasamlagsins vinna eftir þessari stefnu, kynna hana og byggja upp menningu sem styður við hana, þar með talið gagnvart starfsfólki, verktökum og öðrum hagaðilum.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er hið sama og rafræns eintaks rekstrahandbókar. Útprintað: 29.9.2020

REKB-3-1439 – 1.0 – Stefnuskjal fyrir stjórnkerfi SORPU í gæða, umhverfis, öryggis, heilbrigðis, mannauðs og jafnlaunamálum – 24.9.2020 07:59:13

Endurvinnslustöðvar; G5; Gas- og jarðgerðarstöð; Gashreinsistöð/Metan; Góði hirðirinn; Móttöku- og flokkunarstöð; Urðunarstaður; Yfirstjórn; Ytri veitendur – útvistaðir ferlar

Síða